

D ó m s o r ð :

Stefndi, Landhelgisgæslan, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Ásgeirs Þorleifssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 16. maí 1977.

Nr. 84/1975. **Sólveig Baldvinsdóttir**
 (Gunnar Sæmundsson hrl.)
 gegn
Friðjóni Guðlaugssyni
Þorbirni Eyjólfsyni
Jóni Sveinssyni
Magnúsi Guðjónssyni
Sigríði Þorsteinsdóttur
Helga Jónssyni
Óskari Steindórssyni
Hirti Ásgeiri Ingólfssyni
Önnu Jakobsdóttur og
Einari Kristjánssyni,
eigendum Arnarhrauns 4—6
í Hafnarfirði,
 (Sveinn Snorrason hrl.)
 og
Verktækni h/f
 (Árni Grétar Finnsson).

Skaðabótamál. Sýkna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. júní 1975, að fengnu áfrýjunarleyfi 27. maí s. á., og krafist þess, að stefndu verði dæmd til að greiða sér óskipt 34.866 krónur með 9% ársvöxtum frá 24. september 1973 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Allir hinir stefndu krefjast staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Nýrra gagna hefur verið aflað eftir uppsögn héraðsdóms. Vitni hafa komið fyrir dóm, og lögð hafa verið fram vottorð, sem ætlað er að leiða í ljós, að spjöll á bifreið áfrýjanda hafi hlotist af bárujárnsplötum, sem fuku af þaki hússins Arnarhrauns 4—6. Lagður hefur verið fyrir Hæstarétt íslenskur staðall um vindálag, gefinn út af Iðnþróunarstofnun Íslands 1. maí 1973, svo og niðurstöður mælinga Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins um naglhald þaksaums frá árinu 1974. Einnig hefur verið lagður fram í Hæstarétti útreikningur Ögmundar Jónssonar verkfræðings á því, hvert hafi verið líklegt vindálag á þak hússins Arnarhrauns 4—6 aðfaranótt hins 24. september 1973 miðað við tiltekinn vindhraða, svo og álit hans á því, hvert vindálag þakjárn á húsinu hefði átt að þola, ef gengið sé út frá vissum nánar tilgreindum forsendum varðandi neglingu járnins.

Af hálfu stefnda Verktækni h/f var því lýst yfir fyrir Hæstarétti, að fallið væri frá þeirri málsvörn, að skaðabótakrafa áfrýjanda væri fyrnd.

Samkvæmt gögnum máls eru yfirgnæfandi líkur fyrir því, að tjón á bifreið áfrýjanda hafi hlotist af þakplötum, er fuku af húsinu nr. 4—6 við Arnarhraun nóttina milli 23. og 24. september 1973.

Fallast ber á þá úrlausn héraðsdóms, sem skipaður var sérfróðum samdómendum, að ósannað sé, að tjón það, sem er undirrót máls þessa, verði rakið til vansmíði á þaki hússins nr. 4—6 við Arnarhraun eða til ónógs viðhalds þess.

Samkvæmt því ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði málskostnað fyrir Hæstarétti, 50.000 krónur til stefnda Verktækni h/f og samtals 50.000 krónur til annarra stefndu.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Sólveig Baldvinsdóttir, greiði málskostnað fyrir Hæstarétti, 50.000 krónur samtals til stefndu Friðjóns Guðlaugssonar, Þorbjörns Eyjólfsssonar, Jóns Sveinssonar, Magnúsar Guðjónssonar, Sigríðar Þorsteinsdóttur, Helga Jónssonar, Óskars Steindórssonar, Hjartar Ásgeirs Ingólfssonar, Önnu Jakobsdóttur og Einars Kristjánssonar og 50.000 krónur til stefnda Verktækni h/f að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 12. febrúar 1975.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 3. þ. m., hefur Sólveig Baldvinsdóttir, Arnarhrauni 2, Hafnarfirði, höfðað fyrir dómnum á hendur eigendum húseignarinnar nr. 4—6 við Arnarhraun, Hafnarfirði, þeim Friðjóni Guðlaugssyni, Arnarhrauni 4, Þorbirni Eyjólfsyni, Arnarhrauni 4, Jóni Sveinssyni, Norðurvangi 11, Magnúsi Guðjónssyni, Arnarhrauni 4, Sigríði Þorsteinsdóttur, Arnarhrauni 4, Helga Jónssyni, Arnarhrauni 6, Óskari Steindórssyni, Arnarhrauni 4, Hirti Ásgeiri Ingólfssyni, Arnarhrauni 4, og Önnu Jakobsdóttur, Norðurbraut 25, öllum í Hafnarfirði, og Einari Kristjánssyni, Hverfisgötu 91, Reykjavík, svo og byggjanda umræddrar húseignar, Hjörleifi Jónssyni, Erluhrauni 11, Hafnarfirði, stjórnarformanni Verktækni h/f, Hafnarfirði, f. h. félagsins til greiðslu in solidum á kr. 34.866 með 9% ársvöxtum frá 24. september 1973 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Stefna á hendur Einari Kristjánssyni var birt hinn 2. apríl 1974, en stefnur á hendur öðrum stefndu voru birtar hinn 6. apríl 1974.

Dómkröfur allra stefndu eru þær, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og þeim tildæmdur málskostnaður að skaðlausu eða samkvæmt mati dómsins úr þeirra hendi.

Til vara krefjast stefndu þess, að málskostnaður verði látinn niður falla.

Stefnukrafan er bótakrafa vegna tjóns, er varð á bifreið stefnanda nóttina milli 23. og 24. september 1973, er aftakaveður gekk yfir Suðvesturland. Telur stefnandi, að járnplötur, er fokið hafi

af þaki hússins nr. 4—6 við Arnarhraun, hafi valdið tjóninu. Stefnuþjárfærðin er byggð á matsgerð húsasmíðameistaranna Ámunda Eyjólfssonar, Hamarsbraut 12, og Sigurbjarts Vilhjálmssonar, Skúlaskeiði 10, en þeir voru dómkvaddir að beiðni bæjarstjórans í Hafnarfirði til þess að meta til peningaverðs tjón, er urðu í Hafnarfirði af völdum áðurnefnds óveðurs.

Stefnendur telja, að það, að járníð rauf (sic) af þaki hússins nr. 4—6 við Arnarhraun, hljóti að hafa stafað af ófullnægjandi frágangi þaksins í upphafi og ónógu eftirliti með því síðan, en á þeim atriðum hljóti húsbyggjandi, stefndi Verktækni h/f, og húseigendur, aðrir stefndu, að bera solidariska ábyrgð.

Sýknukrafa stefnda Verktækni h/f er studd eftirtöldum rökum:

Í fyrsta lagi sé krafan fyrnd, en samkvæmt vottorði byggingarfulltrúans í Hafnarfirði hafi húsið verið skráð fohelt þann 31. ágúst 1964.

Í öðru lagi hafi enginn galli eða vanræksla komið fram, sem leiði til ábyrgðar af hálfu stefnda Verktækni h/f. Gengið hafi verið frá þakinu í samræmi við ströngustu kröfur og það staðfest af byggingarfulltrúa.

Í þriðja lagi hafi verið um ofsaverður að ræða, þar sem forsvaranlegur frágangur hafi ekki staðist í sumum tilvikum.

Í fjórða lagi kunni að vera, að viðhald hússins hafi ekki verið sem skyldi, og á því beri stefndi Verktækni h/f ekki ábyrgð.

Í fimmta lagi liggi ekki fyrir sannanir um það, hvaðan járníð kom, sem skaðanum olli.

Þá mótmælir stefndi Verktækni h/f sérstaklega mati því, er stefnukrafan er reist á, þar sem stefndu hafi ekki verið gefinn kostur á að mæta, þegar það mat fór fram, og gæta réttar síns.

Stefndu eigendur Arnarhrauns 4—6 rökstyðja sýknukröfu sína svo í greinargerð:

„Óveðursdóttina milli 23. og 24. september losnuðu þakplötur af ýmsum húsum, er standa austan við húseignina nr. 4—6 við Arnarhraun, og fuku þær ásamt ýmsu öðru lauslegu vestur Arnarhraunið. Þeir, sem áttu bifreiðar sínar óvarðar fyrir foki þessu, komu þeim yfirleitt í skjól, er þeir sáu að hverju stefndi. Stefnandi sá ekki ástæðu til þess að færa sína bifreið í skjól, en lét hana standa óvarða utan við bílgeymslu sína. Verður hún sjálf að bera skaðann af því að hafa ekki fært bílinn í bílgeymslu sína, er hún sá að hverju stefndi.

Ómótmælt er, að þakplötur hafi fokið af húsinu nr. 4—6 við

Arnarhraun, en ósannað er, að þakplötur af því húsi hafi einar valdið tjóni á bifreið stefnanda.

Fok þakplatnanna var vegna veðurhamfara og verður ekki rak-ið til ófullkomins frágangs við byggingu hússins né eftirlitsleysis húseigenda. Hugleiðingum í stefnu og greinargerð um hið gagn-stæða er mótmælt.

Fræðimenn munu almennt á einu máli um, að tjón, sem verður fyrir „vis major“, valdi ekki bótaskyldu, jafnvel þar sem um objektiva bótaábyrgð annars kann að vera að ræða. Sannað er, að stefnandi gerði engan reka að því að láta færa bifreið sína í skjól fyrir óveðrinu eða í bílgeymslu sína, þótt hún sæi eða mætti sjá fyrir, að bifreiðinni gæti verið hættu búin, þar sem hún stóð óvarin utan við bílgeymsluna. Verður hún því sjálf að bera tjón sitt, sem beinlínis má rekja til fyrirhyggju- og aðgerðarleysis hennar.“

Við aðiljayfirheyrslu lýsti stefnandi, Sólveig Baldvinsdóttir, málavöxtum svo, að hún og maður hennar, Kristinn Hákonar-son, hafi vaknað við mikinn hávaða. Þegar þau fóru að athuga, hvað um væri að vera, hafi þau séð, að þakplötur tættust af hús-inu nr. 4—6 og fuku á þeirra hús, þ. e. Arnarhraun 2. Hún kvað plöturnar hafa ýmist komið á þak hússins eða gaflinn. Þetta hafi gengið frekar fljótt yfir. Plöturnar hafi brotið rúður í einum glugga og einnig rispað rúður, sem ekki brotnuðu, rekið göt á þak hússins og valdið miklum skemmdum á því og enn fremur á bílskúrbakinu. Hún kvað menn frá hjálparsveit skáta hafa komið um nóttina, tint saman plötur, sem voru á lóð hússins nr. 2, og bunkað járneð undir svölum hússins að Arnarhrauni 2 og enn fremur í sundi milli hússins Arnarhrauns 2 og bílskúrs, sem stendur þar á lóðinni við þann gafl hússins, sem veit að Arnar-hrauni 4—6. Sundið hafi verið fullt af járneð um morguninn. Hún kvað eigendur hússins nr. 4—6 við Arnarhraun hafa sótt járneð og hirt það að undanteknum þremur járnplötum, sem enn eru í vörslu stefnanda. Hún kvaðst ávallt láta bifreið sína standa þarna á bifreiðastæðinu framan við bílskúrinn, telja hana þar vel varða fyrir umferð og annarri hættu.

Kristinn Hákonarson lýsti málsatvikum á sömu leið og kona hans, en tók þó fram, að hann hefði séð 7 plötur á lofti í einu. Hann kvaðst vera viss um, að járneð hafi komið af þaki hússins nr. 4—6 við Arnarhraun. Hann kvaðst að vísu ekki hafa séð ofan á þak hússins, en hins vegar séð, hvernig plöturnar fuku frá þaki hússins. Hann taldi eigendur hússins nr. 4—6 við Arnarhraun

hafa selt járnplötur þær, er þeir sóttu á lóð hússins nr. 2, vestur á land.

Vitnið Hildigunnur Sigvaldadóttir, sem býr á miðhæð hússins nr. 2 við Arnarhraun, kvað járn hafa dunið á austurhlið hússins nr. 2. Hún kvaðst hafa séð hálflausar plötur lafa út af þakbrún hússins nr. 4—6 og berjast þar. Hún kvaðst ekki hafa séð plötur taka sig upp af þaki hússins nr. 4—6 og lenda á húsinu nr. 2, hins vegar kvaðst hún hafa séð plötur á lofti, bæði út um glugga á suðurhlið og einnig út um glugga á norðurhliðinni, þ. e. plötur, sem fuku eftir götunni eða veltust eftir götunni. Hún kvað mikið járn hafa verið bunkað við húsið um morguninn, það hafi verið grámálað. Hún minntist þess ekki, að fleiri litir hefðu verið á járninu. Hún kvaðst hafa séð mikið af nöglum úr járninu, sumir hafi verið alveg beinir. Naglarnir hafi verið með grámálaðan haus.

Upplýst er, að þak hússins nr. 4—6 var málað gráum lit.

Með vottorði Veðurstofunnar er upplýst, að í Reykjavík var vindátt og veðurhæð kl. 2400 hinn 23. september suð-suðaustan 10 vindstig og kl. 0300 aðfaranótt hins 24. september suðaustan 11 vindstig og kl. 0600 sömu nótt suð-suðvestan 10 vindstig. Mest veðurhæð milli athugana var 12 vindstig. 108 hnúta vindhraði mældist í Reykjavík í vindhviðu fyrir miðnætti. Það er enn fremur upplýst, að í þessu óveðri varð tjón á um 40 stöðum í Hafnarfirði og nágrenni, víðast skemmdir af völdum foks á þakplötum, þar á meðal fuku þakplötur af húsunum Arnarhrauni 21 (Stebbabúð), Smyrlahrauni 48 og húsi Magnúsar Más Lárussonar við Erluhraun, en auk húss stefndu eru framantalin hús í aust-suðaustlæga stefnu frá húsi stefnanda, þ. e. áveðurs við það fyrri hluta óveðursnæturinnar.

Gegnt húsi stefnanda er húsið nr. 3 við Arnarhraun. Á efri hæð þess húss býr Sigurður Gunnarsson sjómaður, sem kom fyrir dóminn sem vitni í máli þessu. Hann vaknaði, að hann minnti, um kl. 0130 eða kl. 0200 óveðursnóttina. Hann kvað þá plötur hafa verið byrjaðar að fjúka af Arnarhrauni 4—6. Hann kvaðst hafa séð plötur fjúka upp frá húsinu Arnarhrauni 4—6 á húsið nr. 2. Ítarlega aðspurður kvaðst hann hafa séð plötur fjúka upp frá þaki hússins nr. 4—6 og skella á gafli hússins nr. 2, ýmist flatar eða á endann, falla síðan niður og fjúka meðfram horninu Arnarhraunsmegin og út á Reykjavíkurvegin. Hann kvaðst hafa séð járn fjúka í kringum bifreið stefnanda, en minntist þess ekki að hafa séð plötur lenda sérstaklega á bifreiðinni. Hann taldi

plötufok frá Arnarhrauni 4—6 hafa staðið yfir í 2 til 3 tíma, eða fram undir kl. 0430. Hann kvaðst ekki hafa séð plötur koma fjúkandi eftir Arnarhrauninu. Hann kvað engar skemmdir hafa orðið á sínu húsi, hins vegar kvað hann bíl leigjanda á neðri hæð hússins, sem stóð við garðshliðið beint fyrir framan hús hans, hafa orðið fyrir skemmdum af völdum foks. Lokið að aftan muni hafa dældast. Hann tók fram, að hann hefði sett bifreið sína inn í bílskúr hjá sér í því skyni, að leigjandinn gæti komið sinni bifreið fyrir í hléi við húsgaflinn.

Vitnið Svavar Geirsson, meðlimur í hjálparsveit skáta, kvaðst hafa farið samkvæmt beiðni að Arnarhrauni 2, að hann minnti skömmu eftir miðnætti, til þess að byrgja brotinn glugga. Hann kvaðst ekki þora að ábyrgjast, hvort hann varð var við neitt járnplötufok við húsið Arnarhraun 2 í þetta skipti. Seinna um nóttina kvaðst hann hafa ekið um Reykjavíkurvegin og þá hafi verið þarna mikið um fok af járnplötum, mest á horninu við Arnarhraun 2. Þeir hafi farið í að tína járneð saman, bunkað það m. a. við húsin Arnarhraun 2 og við gaflinn á blokkinni Arnarhrauni 4. Hann taldi, að 10 til 15 plötur hefðu verið á lóðum umræddra húsa. Hann taldi sig hafa séð a. m. k. eina plötu fjúka á húsið nr. 2. Hann kvaðst fyrst hafa veitt plötunni eftirtekt, þegar hún skall ofan til í gafl hússins og féll niður á jörð. Hann kvaðst hafa séð hálflausar plötur hanga á kantneglingu á þakbrún hússins nr. 4—6, gaflmegin. Hann kvaðst ekki hafa orðið var við neitt plötufok frá öðrum húsum við Arnarhraunið eða götur, sem stóðu áveðurs við Arnarhraun 2 þann tíma, sem hann var þar í þetta sinn.

Vitnin Grímur Oddmundsson og Guðmundur Ólafsson hafa borið um mikið plötufok út úr Arnarhrauninu yfir Reykjavíkurvegin, en ekki hafa þessi vitni getað staðhæft, hvaðan járneð kom.

Bjarni Guðmundsson, einn hinna stefndu, kvaðst telja útilokað, að plötur af húsinu nr. 4—6 við Arnarhraun hafi fokið á hús nr. 2. Hann kannaðist þó við, að plötur af húsinu nr. 4—6 hafi verið í sundinu við hús nr. 2, en þar hafi verið plötur af fleiri húsum, bæði grænmálaðar og ómálaðar og auk þess grámálaðar með svipuðum lit og á Arnarhrauni 4—6, en þynnri. Bjarni kvað plötur, sem komu að austan, hafa skemmt tvo bíla, sem stóðu á bílastæði austan við húsið nr. 4—6, þ. e. áveðurs við það.

Annar hinna stefndu, Magnús Guðjónsson, kvaðst hafa vaknað umrædda nótt og hafa séð mikið af plötum fjúka vestur Arnar-

hraun, bæði af húsinu nr. 4—6, Stebbabúð, og fleiri húsum. Um morguninn kvað hann þakplötur af húsinu nr. 4—6 hafa verið inni á lóð hússins nr. 2, en þar hafi líka verið plötur af fleiri húsum. Ekki kvaðst hann hafa séð járn af húsinu nr. 4—6 fjúka á húsið nr. 2. Hann kvað aðrar plötur með sama lit, en þynnri, hafa verið innan um járneið á húsinu nr. 4—6. Magnús kvaðst aðallega hafa horft út um glugga, sem sneri að götunni, meðan fokið stóð. Hann kvaðst hafa séð plöturnar koma alls staðar að eins og spil úr stokki. Magnús kvaðst ekki hafa heyrt eða séð, að neitt væri að þakinu að Arnarhrauni 4—6. Hann kvaðst aldrei hafa komið upp á þakið eða skoðað það sérstaklega. Hann kvað eitthvað af járninu af húsinu 4—6 hafa verið selt bónda vestur á landi, húsvörðurinn hafi séð um það. Hann kvað íbúa Arnarhrauns 4—6 hafa fært bíla sína af stæði við götuna og inn á stæði sunnan megin við húsið, þ. e. fjær götunni.

Stefndi Jón Þórir Sveinsson kvaðst hafa komið heim til sín að Arnarhrauni 4—6 um tvöleytið um nóttina. Eftir að hann hafði þvegið sér og fengið sér kaffisopa, kvaðst hann hafa verið að hugsa um að færa bíl sinn af stæðinu austan við húsið. Þá hafi hann heyrt mikla skruðninga og séð plötur koma fjúkandi austan götuna. Þær muni hugsanlega hafa verið af húsinu, þar sem Stebbabúð var, og húsinu nr. 24 við Arnarhraun. Það hafi ekki verið fyrr en alllöngu síðar sem þak hússins nr. 4—6 fór að fjúka. Hann kvaðst ekki hafa séð plötur fjúka á húsið nr. 2. Hann sagði, að um morguninn hafi verið töluvert af bunkuðu járneið inni á lóð hússins nr. 2. Það hafi verið bunkað þar um nóttina. Járneið hafi verið af ýmsum gerðum og litum. Hann kvað líka hafa verið bunkað mikið af járneið inni á lóð hússins nr. 4—6 og einnig á lóð hússins nr. 3. Hann kvað eitthvað af járninu hafa verið flokkað, einkum það sem heillegast var, eitthvað af því hafi verið selt. Starfsmenn bæjarins hafi líka hreinsað til og fjarlæggt járn. Hann sagði, að þeir hefðu verið kallaðir að Tunguvegi 2 til að ná í járn, sem talið hafi verið af húsinu nr. 4—6 við Arnarhraun. Það hafi verið með allt öðrum gráum lit. Hann kvað járneið af Arnarhrauni 4—6 hafi fokið út á götuna. Plöturnar hafi yfirleitt skolið niður í miðja götuna. Hann kvaðst telja, að klukkan hafi verið langt gengin í þrjú eða um þrjú, þegar járneið af Arnarhrauni 4—6 fór að fjúka. Hann kvað meginfokstefnu platnanna, er hann sá fyrst, hafa verið eftir miðri götunni, en þó hafi þær fokið nokkuð til beggja hliða. Fokhæð platnanna hafi verið fyrir ofan glugga á íbúð sinni á 1. hæð. Hann kvað eina af plötunum, sem komu

austan að, hafa lent á bíl við húsið nr. 3. Hann kvað birtuskilyrði ekki hafa verið góð, það hafi verið dimmt yfir. Hann hélt jafnvel, að slokkað hefði á götuljósum. Hann kvaðst ekki vita til, að þakinu á Arnarhrauni 4—6 hafi verið neitt ábótavant. Hann kvað þakið hafa verið málað árið 1970 eða 1971 og þá muni hafa verið litið eftir neglingu um leið. Hann kvaðst þó ekki hafa unnið við það verk sjálfur.

Í málflutningi hefur verið lögð á það áhersla af hálfu stefnanda, að þótt vera kunni, að járnplötur af þaki húsanna Stebbabúðar, Smyrlahrauns 48 og ef til vill einnig af húsi Magnúsar Más Lárussonar við Erluhraun hafi fokið út á Arnarhraun, þá sé býsna ólíklegt, að þær hefðu valdið skemmdum á bifreið, sem stóð inni á plani við húsið Arnarhraun 2. Á hinn bóginn sé upplýst, að mikið magn af járn af húsinu nr. 4—6 hafi verið í sundi við bílskúrinn og allt í kringum bifreiðina. Stefnandi telur því þann möguleika, að plötur af fyrstgreindum húsum hafi valdið tjóninu, svo fjarlæg, að ekki þurfi að gera ráð fyrir honum.

Í matsgerð þeirri, sem áður er að vikið, er skemmdum á bifreið stefnanda, sem var Vauxhall Victor árgæð 1965, lýst svo: Vinstra afturbretti dældað og lakkrispað, vinstri framhurð dældað og rispuð, toppur milli afturrúðu og afturhurðar vinstra megin dældaður og lakkrispaður, skekkja í hurðum. Bætur, þ. e. réttingu, sprautun og frágang eftir réttingu, mátu hinir dómkvöddu matsmenn á kr. 29.800 fyrir utan söluskatt.

Fram hefur verið lagt í málinu vottorð Veðurstofunnar um veðurspá, er lesin var í útvarp hinn 23. september. Spáin, sem lesin var kl. 1655 og 1855 var svohljóðandi:

„Gert er ráð fyrir roki eða ofsaveðri sunnan lands og vestan, frá Suð-austurmiðum til Vestfjarðamiða. Um 700 km. S af Reykjanesi er 975 mb. lægð, upprunalega fellibylurinn Ellen, á mikilli ferð N.

Veðurhorfur næsta sólarhring, Suðvesturland til Vestfjarða, Suðvesturmið til Vestfjarðamiða.

Vaxandi SA-átt, með rigningu, víða rok eða ofsaveður á miðunum í kvöld og nótt. Gengur í SV-storm með skúrum undir morguninn. Lygnandi síðdegis.“

Og spáin kl. 2215 hljóðaði svo:

„Búist er við SA stormi eða roki á SV-miðum til Breiðafjarðarmiða á nótt, en S eða SV stormi á SV-miðum til N-miða í fyrri málið.

Um 970 mb. stormsveipur 300 km. SV af Reykjanesi hreyfist

N og veður út af Vestfjörðum síðdegis. Veður er hlýnandi í nótt, en kólnar síðdegis.

Veðurhorfur næsta sólarhring, Suðvesturland til Breiðafjarðar og Suðvesturmið til Breiðafjarðarmiða.

SA stormur, en rok á miðum og rigning í nótt. S eða SV stormur og skúrir á morgun.“

Telja stefndu, eins og áður er að vikið, að slíkar veðurspár hefðu átt að veita stefnanda sérstakt tilefni til þess að setja bifreið sína í hús, en láta hana ekki standa fyrir framan bílskúrsdyrnar í veðrasömu sundi milli húsa, þar sem jafnan sé hættu af foki á öskutunnum og öðru lauslegu, þegar hvassviðri er, jafnvel þótt veðrahamurinn sé ekki slíkur, að þök taki af húsum.

Stefnandi bendir á hinn bóginn á, að meiri hluti allra bifreiða landsmanna verði að standa úti allan ársins hring, einfaldlega vegna þess, að minni hluti bifreiðaeigenda eigi eða hafi aðgang að bifreiðageymslum, og telur fráleitt, að þeir, sem bifreiðageymslur eiga, verði að gjalda þess í bótaréttarlegu tilliti, þegar tjón verður á bifreiðum þeirra vegna hirðuleysis og óvarkárni annarra.

Svo sem áður er rakið, þá telja stefndu, að veðurhamurinn aðfaranótt hins 23. september 1973 hafi verið slíkur, að dæmalaust sé, og verði að telja hann til ófyrirsjáanlegra og einstæðra náttúruhamfara.

Stefnandi hefur eindregið mótmælt því og talið, að slíkra veðra sé jafnan von hérlandis, reynslan sýni, að þau geti komið með stuttu millibili, þótt stundum líði lengra á milli.

Af þessu tilefni hefur stefnandi lagt fram vottorð Veðurstofu Íslands, þar sem segir m. a.: „Veðurhæð er talin 12 vindstig, þegar meðalvindhraði í 10 mín. nær 64 hnútum. Lengra nær vindhraðakvarðinn ekki. Á vindmæli í Reykjavík mældist mest 108 hnútar í vindhviðu fyrir miðnætti þann 23. Mesti vindhraði í 10 mín. mældist 72 hnútar á tímabilinu frá miðnætti til kl. 03.00 þann 24.“

Einnig hefur stefnandi lagt fram í málinu greinargerð veðurfræðinganna Öddu Báru Sigfúsdóttur og Flosa Hrafns Sigurðssonar um mesta vindhraða, sem vænta má á Íslandi, sem m. a. birtist í tímaritinu Veðrinu. Þar segir, að hæstu gildi, sem skráð hafa verið á vindhraða í snöggum vindhviðum, séu þessi:

109 hnútar í janúar í Reykjavík 1942

107 hnútar á Stórhöfða í desember 1970

107 hnútar á Hjarðarnesi í október 1969

106 hnútar á Hjarðarnesi í febrúar 1970

105 hnútar á Hjarðarnesi í janúar 1970

104 hnútar á Hjarðarnesi í maí 1970

104 hnútar á Stórhöfða í nóvember 1970

107 hnútar á Stórhöfða í desember 1972.

Í lok greinarinnar eru dregnar saman svohljóðandi niðurstöður: „Miðað við þær mælingar, sem tiltækar eru og í aðalatriðum hefur verið greint frá hér að framan, er hugsanlegt að setja fram þá ágizkun, að mesti vindhraði, sem vænta má einu sinni á 50 árum, sé um 100 hnútar í 10 m hæð yfir jörðu víðast hvar við strendur landsins og á hálendinu, en þar sem staðhættir eru sérstaklega til þess fallnir að magna vind, eigi að miða við 110 hnúta eða meiri vindhraða. Á skjólsælum stöðum má hins vegar sennilega færa markið niður í um 90 hnúta. Þar sem áætlun þessi er byggð á mjög strjálum mælingum, getur verið mikill stuðningur af samanburði við erlendar niðurstöður frá löndum, þar sem ætla má, að aðstæður séu að ýmsu leyti svipaðar. Slíkan samanburður er að finna á korti, sem fylgir greininni „The Assessment of Wind Loads“ í „Building Research Station Digest“, júlí 1970. Þar kemur fram, að í Skotlandi er vindhraði, sem vænta má einu sinni á 50 árum, áætlaður milli 46 m/s og 56 m/s, lægstur syðst, en hækkandi til norðurs og vesturs. Samsvarar hærri talan einmitt um 109 hnútum, en sú lægri 89 hnútum. Er því ekki ástæða til að ætla, að um of háa áætlun sé að ræða fyrir Ísland.“

Í greinargerð stefnanda segir m. a.: „Sólveig Baldvinsdóttir hefur skýrt mér svo frá, að hún hafi undanfarin ár veitt því athygli, þegar hvassviðri hafa verið, að erfitt var að sofa í íbúð hennar að Arnarhrauni 2 vegna hávaða utan frá. Hún kvaðst hafa talið, að hávaði þessi stafaði frá loftrásum undir þaki Arnarhrauns 2, en eftir að gert var við þak Arnarhrauns 4—6 eftir fokið á s.l. hausti, kveður hún hafa brugðið svo við, að umræddur hávaði hætti að heyrast. Hávaði þessum lýsir Sólveig svo, að það hafi verið eins og járn snerti járn og jafnframt hafi heyrzt blísturshljóð eða hvinur. Við athugun á þaksaum, sem barst með járninu frá Arnarhrauni 4—6, kveður hún hafa komið í ljós, að þaksaumurinn hafi ekki verið hnykktur, og a. m. k. sumir naglarnir báru með sér, að hluti þeirra hefði staðið upp úr þakjárninu, þ. e. að þeir hefðu verið orðnir lausir í þakklæðningunni. Þessi atriði telur Sólveig sýna, að frágangur þaksins hafi í upphafi verið ótryggur og mikið hafi skort á, að húseigendur fylgduust nægilega með þakinu.“

Við málflutning sýndi lögmaður stefnenda í dóminum allmarga þaksaumsnagla, sem hann kvað umbjóðendur sína hafa tekið til handargagns á lóð sinni eftir atburð þann, sem mál þetta snýst um. Um var að ræða venjulegan $2\frac{1}{2}$ tommu þaksaum, kónískan, og virtust naglarnir bera það með sér, að þeir hefðu ekki verið hnykkir. Hausar naglanna voru yfirleitt grámálaðir. Hinir sérfróðu meðdómsmenn töldu engin ótvíræð merki á nöglunum um það, að hluti þeirra hefði staðið upp úr þakjárnri, eða að þeir hefðu verið lausir í þakklæðningunni.

Álit réttarins.

Því hefur ekki verið haldið fram, að ákvæði byggingarsamþykktar hafi verið brotin við gerð og frágang þaksins á húsinu nr. 4—6 við Arnarhraun. Eigi hefur verið sýnt fram á, að neins konar vansmíði hafi verið á þakinu eða frágangur þess óhæfilegur, miðað við þær kröfur, sem gerðar eru til bygginga héraðs. Það er einnig með öllu ósannað, að viðhaldi þaksins hafi á neinn hátt verið áfátt. Af þessum ástæðum og með því að engin þau önnur atvik eru í ljós leidd, er valdi því, að stefndu verði taldir eiga sök á tjóni stefnanda, verður að hrinda stefnukröfum í máli þessu.

Samkvæmt framangreindum úrslitum ber stefnanda að greiða stefndu málskostnað, sem ákveðst kr. 20.000 til stefnda Verktækni h/f og kr. 20.000 til annarra stefndu samanlagt.

Már Pétursson héraðsdómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum Júliusi Sólness prófessor og Sigurði Oddssyni tæknifræðingi.

D ó m s o r ð :

Stefndu, Friðjón Guðlaugsson, Þorbjörn Eyjólfsson, Jón Sveinsson, Magnús Guðjónsson, Sigríður Þorsteinsdóttir, Helgi Jónsson, Óskar Steindórsson, Hjörtur Ásgeir Ingólfsson, Anna Jakobsdóttir, Einar Kristjánsson og Verktækni h/f, eiga að vera sýknir af kröfum stefnanda, Sólveigar Baldvinsdóttur.

Stefnanda ber að greiða kr. 20.000 í málskostnað til stefnda Verktækni h/f og kr. 20.000 til annarra stefndu samanlagt, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.